

Rökstuðningur vega úthlutunar styrkja frá verkefninu Öll vötn til Dýrafjarðar

Nokkur orð til rökstuðnings vegna úthlutunar styrkja til verkefna sem sóttu um styrk frá verkefninu Öll vötn til Dýrafjarðar. Auglýst var eftir umsóknum 17. desember 2018. Umsóknarfrestur rann út 15. janúar 2019. Til úthlutunar eru 7 milljónir. Alls bárust 29 umsóknir sem er metfjöldi á landsvísu. Aldrei hafa borist eins margar umsóknir í tengslum við úthlutun í brothættum byggðum. Heildarumfang verkefna er umsóknir lúta að er um 120 milljónir. Sótt var um rúmlega 30 milljónir. Allt voru þetta umsóknir sem féllu vel að verkefninu Öll vötn til Dýrafjarðar en eins og gefur að skilja þá var ekki til fjármagn til að úthluta til allra í þessari umferð. Reynt var að velja sem fjölbreyttust verkefni og m.a. var stuðst við stigagjöf eftir mat á tilteknum þáttum. Þeir aðilar sem sendu inn umsóknir núna en fengu ekki úthlutað, verða hvattir eindregið til að senda þær aftur inn í næstu úthlutun. Einnig verða þessir aðilar hvattir til að sækja um í aðra sjóði sem gætu vel fallið að þeirra verkefni og áformum. Stefnt er að því að auglýsa eftir umsóknum strax aftur eða núna í mars 2019 með úthlutun í apríl.

Almennt:

Styrkhæf verkefni eru rannsóknar-, þróunar- og nýsköpunarverkefni þar sem markvisst er stefnt að markaðssetningu nýrrar eða endurbættrar vöru eða þjónustu. Enn fremur samfélagsefandi verkefni önnur en þau sem teljast til lögbundinna og/eða hefðbundinna verkefna ríkis eða sveitarfélaga.

Um verkefni sem kostuð eru af verkefninu Brothættum byggðum gilda eftirfarandi reglur:

Viðurkenndir kostnaðarliðir vegna styrkhæfra verkefna:

- ✓ Laun og launatengd gjöld
- ✓ Rekstrarvörur og efni o.fl.
- ✓ Aðkeypt þjónusta
- ✓ Ferðir og fundir
- ✓ Markaðsrannsókn/könnun
- ✓ Stofnfjárfestingu, ef fyrir liggur að verkefni raski ekki samkeppni á viðkomandi þjónustusóknarsvæði.

Brothættar byggðir fjármagna ekki:

- ✓ Fjárfestingu í hráefnum þ.m.t. tækjum og búnaði sem eru hlutar af afurð eða þjónustu sem ætluð er til sölu.
- ✓ Fjárfestingu í sjálfu framleiðsluferlinu og umhverfi þeirra þ.m.t. húsnæði og tækjabúnaði til framleiðslu afurða og þjónustu sem ætluð er til sölu ef slíkt raskar samkeppni á þjónustusvæði.
- ✓ Markaðsfærslu og sölustarfsemi umfram framangreint.

Sjá reglurnar í heild sinni á slóð:

https://www.byggdastofnun.is/static/files/Brothaettar_byggdir/verklýsings/bb2vidauki-v-styrkir-utg-2.2-juni-2017.pdf . Reglurnar voru einnig byrtar í auglýsingunni fyrir styrkumsóknir.

Rökstuðningur með styrkveitingum vegna umsókn

Verkefni ÖVD – 18022 Blábankinn – Uppfærsla Þingeyrarvefsins

Verkefnið snýst um að endurhanna og uppfæra Þingeyrarvefinn og koma honum til ársins 2019. Núverandi vefur var síðast uppfærður árið 2012, en ýmislegt hefur breyst í vefhönnun síðan þá. Eftir uppfærslu verður vefurinn orðinn snjalltækjavænn og tengist vel við alla helstu samfélagsmiðla. Gott pláss verður fyrir stórar ljósmyndir og vídjó.

Markmið verkefnisins er að Þingeyrarvefurinn haldi áfram að vera mikilvægur gluggi fyrir landsmenn alla inn í samfélagið hér á Þingeyri. Að hann þjóni áfram brottfluttum Dýrafirðingum og leyfi þeim að fylgjast með því helsta sem á sér stað á heimaslóðum. Hann segi frá öllu því áhugaverða sem á sér stað í Dýrafirði og vekji jafnvel upp löngun til að koma og eyða styttri eða lengri tíma á Þingeyri.

Verkefnisstjórn telur verkefnið mikilvægt og líklegt til árangurs miðað við ofangreinda lýsingu.

Samþykkt að styrkja verkefnið um kr. 180.000.-

Verkefni ÖVD - 18028 Pálmar Kristmundsson – Listaakademían á Þingeyri

Hugmyndin með "Listaakademíunni" er að koma á fót regnhlífasamtökum yfir listaviðburði á Þingeyri og í Dýrafirði. Skapandi greinar eru víða nýttar til að efla samfélög, sérstaklega fámenn samfélög. Þáttur þeirra í mótun stefnu til uppbyggingar og eflingu nýsköpunar og iðnaðar er víða vanmetinn.

Markmiðið er að markaðsetja Þingeyri sem listaparp, stað lista hverskonar og arkitektúrs með öflugum utanumhaldi, og tengingar þvert á listgreinar og þvert á þjóðerni.

Verkefnisstjórn telur verkefnið líklegt til að auka áhuga og árangur í listtengdri nýsköpun og starfsemi á Þingeyri.

Samþykkt að styrkja verkefnið um kr. 500.000.-

Verkefni ÖVD – 18033 Pálmar Kristmundsson – The Tank

Verkefnið er að byggja "The Tank", samkomustað, opinn almenningi, mannvirki, sem gert er að megin hluta úr tveimur helmingum olútanks, sem áður stóð á Þingeyri. Hönnun "Tankans" er höfundarverk japanska arkitektsins Yasuaki Tanago, sem hefur dvalið á Þingeyri í nokkur skipti og unnið að hönnun "tankans". Annar hluti olútankans myndar þak yfir samkomustað fyrri almenning og er borinn uppi af þremur grjóthnullungum. Hinn hlutinn er að hluta niðurgrafinn og myndar vegg í hring og hallandi gólf, án þaks, þar sem safnast má saman og horfa til himins. Bæði rýmin eru opin og óupphituð.

Markmið verkefnisins er að byggja kennileyti, samkomustað fyrir íbúa jafnt sem aðkomufólk, einskonar tákn fyrir samfélag í vexti.

Þetta áhugaverða verkefni hefur verið á dagskrá um nokkra hríð og verkefnisstjórn telur að það geti skapað skemmtilegt aðdráttarafl fyrir íbúa og gesti á Þingeyri.

Samþykkt að styrkja verkefnið um kr. 1.000.000,-

Verkefni ÖVD – 18038 Samfélagsmiðstöðin á Þingeyri ses (Blábankinn) – Stafrænir flakkarar og störf án staðsetningar

Markaðssetning með alþjóðlegum samstarfsaðilum á Þingeyri og norðurslóðum fyrir störf án staðsetningar. Sótt er um styrk fyrir verkefninu „stafrænir heimskautaflakkarar“, eða þeim hluta þess sem snýr að Þingeyri. Verkefnið er svar við þeirri þróun að bæði hefðbundnar atvinnugreinar sem og nýjar eru í auknu mæli unnar gegnum tölvu þar sem staðsetning skiptir ekki máli. Þá eru ný störf og atvinnuvegir oftast að byggja á hugviti og mannauði, en í minna mæli á staðsetningu náttúruauðlinda eða fjárfestingu í hlutum.

Markmið verkefnisins er að fleiri fari að líta á það sem möguleika að búa og starfa á Þingeyri og að störf án staðsetningar, hvort sem er til skemmri eða lengri tíma, verði aðlaðandi og áhugaverður kostur fyrir komandi kynslóðir.

Verkefnisstjórn tekur undir rökstuðning umsækjanda og telur verkefnið áhugavert innlegg í þá viðleitni að koma Þingeyri á kortið sem áhugaverðum dvalar og búsetukosti fyrir þá sem eiga þess kost að starfa án tillits til staðsetningar.

Samþykkt að styrkja verkefnið um kr. 1.000.000,-

Verkefni ÖVD – 18041 Borgný Gunnarsdóttir – Námskeið og fyrirlestrar Víkingaskóla Skálans

Víkingaskóli Skálans býður upp á áhugaverð og fjölbreytt handverks- og menningartengd námskeið og fyrirlestra. Ætlunin er að bjóða upp á námskeið og fyrirlestra tengda víkinga- og landnámstímanum. Byggt verður á handverki, menningararfi og arfleifð og/eða efnis tengist fornleifafundum og rannsóknum og sé jafnframt áhugavert og metnaðarfullt. Námskeiðin og fyrirlestrarnir verða í umsjá kunnáttufólks og fræðimanna. Eigendur Skálans Víkingaseturs sækja um styrk til að mæta kostnaði við námskeið og fyrirlestra sem haldin verða í Víkingaskóla Skálans 2019.

Markmið verkefnisins er að fá fleiri gesti til Þingeyrar. Veita þeim fræðslu og auka þekkinu og skilning á þjóðlegri arfleifð með skemmtilegri og jákvæðri upplifun. Einnig að koma efninu þannig til skila, að væntingum gestsins sé fullnægt og hann fari ánægður og fróðari heim.

Verkefnisstjórn telur verkefnið til þess fallið að styrkja frekar ímynd víkingaarfleifðar á Þingeyri og þar með auka aðdráttarafl staðarins fyrir gesti.

Samþykkt að styrkja verkefnið um kr. 570.000,-

Verkefni ÖVD – 18014 Sébastien Biet – Bicycle week

To organize a bicycle week at Þingeyri. To encourage the use of bicycle with many different activities for everyone : bicycle breakfast, hability cycling road, mechanical workshop, bicycle movie,... Put bike in the spotlight during one week !

Markmið:

- To promote the use of bicycle in town

- Kids prevention : what is a secure bike ? And to develop riding habilities
- To keep adults and teenagers able to set basic repairs
- Teach to professionals how to maintain bicycle
- Have fun together around bicycle

Verkefnisstjórn telur verkefnið gott dæmi um áhugavert framtak einstaklinga í samfélaginu og jafnframt að það sé líklegt til að auka tilfinningu fyrir ábyrgð á umhverfismálum og samstöðu í samfélaginu.

Samþykkt að styrkja verkefnið um kr. 90.000,-

Verkefni ÖVD – 18042 Austan Mána efh – Sköpunarsveimur

Verkefnið er stafrænn sköpunarvettvangur sem ýtir undir flæði hugmynda, tilrauna, fjármögnunar og reynslu við samfélagslega nýsköpun, bæði á milli íbúa, fyrirtækja og stjórnslu. Vefurinn er að fyrirmynd sem finnska ríkið hefur staðið að frá 2017, en einnig er verið að þróa svipaða afurð fyrir Reykjavíkurborg af nýsköpunarfyrirtækinu Karolina Fund. Verkefnið felst í því að setja upp nýjan vef undir sér léni. Hann verður aðlagður og þróaður áfram fyrir aðstæður hér. Mikilvægt er að kynna verkefnið vel fyrir aðilum sem vinna hugmyndavinnu tengdri Þingeyri, s.s. bothættar byggðir, íbúasamtök, Ísafjarðarbær o.s.frv.

Markmið verkefnisins er að auka flæði hugmynda og tilrauna meðal íbúa Þingeyrar og allra áhugasama um framför í Dýrafirði, bæði almennings, stofnana og fyrirtækja með stafrænum sköpunarvettvangi að finnskri fyrirmynd, bæði til þess að hrífa með innan samfélagsins sem og utan. Að auka sýnileika verkefnanna er sérstaklega verðmætt þar sem ávinningurinn af tilraunum og nýsköpunum er ekki síst lærdómurinn sem af þeim hlýst. Þá bætir vettvangurinn upplýsingaflæði og skilning á milli íbúa, atvinnulífs og stjórnslu.

Verkefnisstjórn telur verkefnið áhugavert og að það geti aukið grósku á staðnum sbr. ofanritað.

Samþykkt að styrkja verkefnið um kr. 400.000,-

Verkefni ÖVD – 18003 Golfklúbburinn Gláma Þingeyri/Hjalti Proppé – Aðstaða Golfklúbburinn Gláma

Verkefnið fellst í að koma upp aðstöðu á golfvelli þar sem eingin slík aðstaða er fyrir hendi. Í aðstöðunni fellst c.a. 15 fermetra hús með salernis aðstöðu sem klúbbmeðlimir og aðrir gestir golfvallarinn geta notað.

Markmið verkefnisins er að koma golfklúbbnum Glámu aftur af stað og virkja klúbbinn með betri aðstöðu og auka þar með afþreyingu fyrir heimamenn og ferðamenn.

Verkefnisstjórn telur verkefnið hafa mikið gildi fyrir útivist og afþreyingu í héraðinu.

Samþykkt að styrkja verkefnið um kr. 980.000,-

Verkefni ÖVD – 18029 Pálmar Kristmundsson – Hjólreiðakeppnin Ísafjörður-Pingeyri

Hugmyndin er að auka við dagskrá Hlaupahátíðar á Vestfjörðum með götuhjólreiðakeppni frá Ísafirði til Pingeyrar. Hlaupahátíð á Vestfjörðum hefur verið haldin um árabíl með m.a. sjósundi á Ísafirði og víðavangshlaupi í Dýrafirði ár hvert í júlímánuði. Síðan bættust við fjallahjólreiðar fyrir um 6 árum. Hugmyndin er að bæta nú við Götuhjólreiðum.

Markmiðið er efla þátttöku Pingeyrar í Hlaupahátíð og styrkja og fjölga þáttakendum með meiri fjölbreytni atburða á dagskrá.

Verkefnisstjórn telur verkefnið gott innlegg í að styrkja ímynd Dýrafjaraðar sem útivistarparadísar og skapa upplifun fyrir gesti.

Samþykkt að styrkja verkefnið um kr. 100.000,-

Verkefni ÖVD – 18020 Wouter Van Hoeymissen – Invite one family per year 2019-2020

Inviting a foreign or Icelandic family to become part of our local community every year. Outsiders often show us new values and opportunities that we don't see or value anymore and they bring in a fresh blow of air to our existing structures.

Markmið: Having a family spend a full year creates more connection with the local community than our other residency programs. Having them living and being part of our local community benefits both them and us. They widen the local perspective and we get new, knowledge, skills and extra forces in the village.

Verkefnisstjórn telur þetta framtak mikilvægt innlegg í þá grósku sem hefur skapast á Pingeyri.

Samþykkt að styrkja verkefnið um kr. 500.000,-

Verkefni ÖVD – 18015 Wouter Van Hoeymissen – Wall Paintings in Pingeyri

Making 3 new art wall painting projects around Thingeyri in 2019 and stimulate maintenance of buildings. In the past years we have worked with the residency and our artists to make some public artworks on walls in the village. It became an attraction, it brought people together and it lifted up the spirit.

Markmið: Making public paintings makes Thingeyri attractive and creates the image of a dynamic community. All the recent wall paintings have become attractions and are often shared on social media. We would like to catch 3 flies in one hit: invite creative people, show public art and maintain buildings.

Verkefnisstjórn telur verkefnið mikilvægt í þeirri viðleitni að auka á sérstöðu Pingeyrar sem heimilis listar og hvers konar sköpunar.

Samþykkt að styrkja verkefnið um kr. 300.000,-

Verkefni ÖVD – 18040 Jón Sigurðsson – Hljóðfærðasafn Jóns – Musical instruments museum

Móttaka og leiðsögn gesta á Hljóðfærðasafni Jóns sumarið 2019. Hljóðfærðasafn Jóns hefur verið starfrækt í núverandi mynd síðan 2015. Gestafjöldi safnsins hefur verið að meðaltali 500 - 800 á sumri en opnunartími hefur verið frá 13 - 17. Viðvera starfsmanns í rúmlega 3 mánuði á ferðamannatímanum hefur verið unnin í sjálfböðavinnu. Síðastliðið sumar var erfitt að halda úti opnun alla daga vikunnar en það er æskilegt á mesta ferðamannatímanum að geta staðið við auglýstan opnunartímatíma. Hér er því sótt um styrk til að geta haft fastan starfsmann á auglýstum opnunartíma og geta greitt honum fyrir viðveruna.

Markmið verkefnisins er að geta staðið við auglýstan opnunartíma Hljóðfærðasafnsins sumarið 2019.

Verkefnisstjórn telur verkefnið mikilvægt í þeirri viðleitni að auka á sérstöðu Þingeyrar sem heimilis listar og hvers konar sköpunar.

Samþykkt að styrkja verkefnið um kr. 500.000,-

Verkefni ÖVD – 18037 Sébastien Biet – Graphic desing courses

Graphic design courses. 3 Saturdays in the morning to be able to use graphic design tools to improve its projects. Today, using gaphic design tools becomes a common skill. To promote your business, an event, social activity, school work,... even in private occasions, to create postcards, birth card, resize pictures,... Most of people try to do this work by themselves. It takes always a lot of time for an often poor result. And asking to a professional costs a lot.

Markmið:

- To improve the skills of the local people to realize better communication supports
- To teach basics of graphic design
- To make participants able to use open graphic design tools (professional or private use)
- To use free open graphics design software
- To help to develop personnal projects
- To stimulate creation

Verkefnisstjórn telur verkefnið áhugavert innlegg í þá viðleitni að auka grósku og jafnframt auka samstöðu meðal íbúa.

Samþykkt að styrkja verkefnið um kr. 80.000,-

Verkefni ÖVD – 18005 Kristín Þórunn Helgadóttir – Handverkssýning/Opin vinnustofa

Verkefnið gengur út á að setja upp sýningu á handverki umsækjanda í máli og myndum. Sýningin verður blanda af opinni vinnustofu ,ljósmyndum og handverkinu sjálfu. Sýningin er hugsuð sem sýning af verkum og verkefnum umsækjanda ,frá því að hugmynd fæðist að fullkláruðu verki og munum. Umsækjandi er handverkslistaður sem býr og starfar á Þingeyri. Verkin og munirnir eru aðallega unnin úr þangi, rekavið og það sem tilfellur af trjám sem hafa verið felld til annarra nota.

Markmiðið er meðal annars að auka flóru afþreyingar og innlegg í að gera Þingeyri að áhugaverðum áfangastað og jafnframt að kynna handverk listamansins þar sem efniviðurinn er fengin beint úr náttúrunni. Að sama skapi er verkefnið liður í að styrkja stoðir undir skapandi greinar og grundvöll áframhaldi starfsemi umsækjanda.

Verkefnisstjórn telur verkefnið mikilvægt í þeirri viðleitni að auka á sérstöðu Þingeyrar sem heimilis listar og hvers konar sköpunar.

Samþykkt að styrkja verkefnið um kr. 200.000,-

Verkefni ÖVD – 18002 Marsibil G. Kristjánsdóttir – Gíslasaga víkingaviðburðir og námskeið

Gísla saga og landnámið er í aðalhlutverki á Gíslastöðum í Haukadal. Hvað er betra en að setja sig í spor sögunnar á söguslóðum. Á Gíslastöðum í Dýrafirði hefur markvist verið byggt upp einstök víkingaupplifun með sérhæfingu í að bjóða uppá vandað víkingaviðburði og námskeið sem henta mjög breiðum markhópi, bæði fyrir heimamenn íslenska sem erlenda og ekki síst fyrir gesti sem sækja Dýrafjörð heim. Árið 2019 verður haldið áfram að bjóða uppá vandaða víkingaviðburði og námskeið. Reglulega verður boðið uppá sögugöngur fyrir almenning um Gísla slóðir Haukadal þar sem gestir klæða sig upp að hætti víkinga og geta þannig bókstaflega gengið í spor söguhetjanna. Einnig verður víkingaskóli barnanna starfræktur yfir sumarið. Þar getur æskan spreytt sig á víkingahandverki og setti sig þannig enn betur í fótspor forfeðranna. Stefnt er að því að ráða einstakling til að búa til markaðsáætlun Gísla sögu til næstu 5 ára sem og vinna að kynningu og frá nútíð til framtíðar. Verkefnið er sérlega fjölbreytt, viðamikil og getur haft víðtæk áhrif í vora fagra firði. Við erum mjög stolt af því að geta fengið svo öflugt fólk til að vinna með okkur og taka þátt í dagskrá ársins.

Markmið verkefnisins er að kynna hinn íslenska sagnaarf söguöldina og landnámið á fjölbreyttan og fróðlegan hátt. Það verður gert með því að bjóða uppá vandaða viðburði og námskeið þar sem miðað er við sem flesta aldurshópa sem og Íslendinga sem erlenda ferðamenn.

Verkefnisstjórn telur verkefnið mikilvægt í þeirri viðleitni að auka á sérstöðu Dýrafjarðar sem heimilis listar og hvers konar sköpunar.

Samþykkt að styrkja verkefnið um kr. 400.000,-

Verkefni ÖVD – 18032 Wouter Van Hoeymissen – Invite Yasuaki Tanago to Þingeyri 2019

Bringing Yasuaki back to Þingeyri to work on development with us and keep him connected to Þingeyri. We would like to invite Yasuaki Tanago to come back to continue helping us with our development plan for the future of Þingeyri.

He would like to continue working on his analysis TVCA (Thingeryi Value Creation Autonomy).

Markmið: Yasuaki is a very valuable person to keep on helping us with our development.

He made good contact with institutions, embassy and brought good media coverage.

Verkefnisstjórn telur tengslin við Japan og þá vinnu sem Yasuaki Tanago hefur unnið varðandi þingeyri vera mjög áhugavert framtak og vill tryggja áframhaldandi samstarf eftir því sem kostur er.

Samþykkt að styrkja verkefnið um kr. 200.000,-

Verkefnisstjórn vill hér með óska öllum styrkþegum til hamingju með styrkina og væntir mikils af samstarfinu.

F.h. verkefnisstjórnar Allra vatna til Dýrafjarðar,

Agnes Arnardóttir, verkefnisstjóri